

Réttarfarsnefnd

Reykjavík, 20. janúar 2004

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Réttarfarsnefnd vísar til bréfs yðar 12. nóvember 2003, þar sem þess var farið á leit að hún léti í té umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga. Með bréfi yðar 18. sama mánaðar var frestur til að skila umsögn framlengdur til dagsins í dag. Réttarfarsnefnd hefur farið yfir þau ákvæði frumvarpsins, sem lúta að réttarfari. Hún telur ekki efni til að gera aðrar athugasemdir við frumvarpið en hér greinir:

Í 44. gr. frumvarpsins er fjallað um stöðu tjónþola þegar fyrir hendi er ábyrgðartrygging. Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að tjónþoli geti höfðað mál til heimtu bóta gegn þeim, sem veitt hefur ábyrgðartryggingu (félaginu). Í 3. mgr. segir síðan að félagið geti krafist þess að tjónþoli beini málshöfðun einnig gegn þeim, sem tekið hefur ábyrgðartryggingu (váttryggðum).

Af frumvarpinu verður ekki ráðið hvort í þeim tilvikum, þar sem félagið myndi gera kröfu um aðild váttryggðs að dómsmáli við hlið sér samkvæmt 3. mgr. 44. gr., sé ráðgert að svokölluð samaðild samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verði með félaginu og váttryggðum eða hvort hér sé um að ræða svonefnda samlagsaðild eftir 19. gr. sömu laga. Á þessu tvennu er sá munur að samaðild verður að beita ef tveir eða fleiri bera óskipta skyldu, en þá er skylt að höfða dómsmál í einu lagi gegn öllum, sem þar eiga í hlut. Að öðrum kosti verður máli vísað frá dómi án kröfu. Samlagsaðild felur á hinn bóginn í sér heimild en ekki skyldu til að höfða dómsmál á hendur fleirum en einum við ákveðnar aðstæður. Þegar samlagsaðild er fyrir hendi er það því komið undir þeim, sem höfðar mál, hvort fleiri séu sóttir saman í félagi.

Af athugasemdum við 3. mgr. 44. gr. frumvarpsins virðist lagt til grundvallar að ákvæðið taki til tilviks, þar sem samaðild yrði fyrir hendi. Án þess að það verði rætt hér í löngu máli verður réttarfarsnefnd að benda á að ekki gæti verið um samaðild að ræða í skilningi réttarfars þegar váttryggingarfélag krefðist þess að dómsmáli yrði einnig beint að váttryggðum. Nægir í þeim efnum að nefna það eitt að félagið og váttryggður geta ekki borið óskipta skyldu, enda stæði ekkert í vegi þess að tjónþoli höfðaði dómsmál eingöngu gegn váttryggðum og beindi síðan kröfu að félaginu að gengnum dómi á hendur honum.

Réttarfarsnefnd er sammála þeirri ráðagerð í 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins að veita tjónþola beinan rétt á hendur félagi til heimtu bóta í skjóli ábyrgðartryggingar. Þá er nefndin sammála því að brýnt geti verið fyrir váttryggingarfélag að váttryggður

eigi einnig aðild að dómsmáli á hendur því. Að álitni nefndarinnar verður það þó eingöngu gert undir merkjum samlagsaðildar. Í þessu skyni yrði nauðsynlegt að lögfesta sérreglu um samlagsaðild á þessu sviði þannig að það varði frávísun ef tjónþoli mundi virða að vettugi kröfu félagsins um að beina máli einnig að vátryggðum. Að þessu gættu leggur réttarfarsnefnd til að 3. mgr. 44. gr. verði látin hljóða svo:

Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur þá félagið krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt. Máli sem tjónþoli höfðar á hendur félaginu eftir viðtöku slíkrar tilkynningar skal vísað frá dómi ef félagið krefst þess. Sé höfðað mál á hendur félaginu án undanfarandi tilkynningar um það, getur félagið gert kröfu þessa efnis, enda komi hún fram ekki síðar en í greinargerð. Höfði tjónþoli af þessu tilefni ekki sakaraukningu innan mánaðar frá því að krafa félagsins kom fram skal málinu vísað frá dómi að kröfu þess.

Virðingarfyllst,
f.h. réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason, ritari